

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verði sem hér segir frá og með 1. desember 2002 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr. á kg
flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 11. nóvember 2002.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga.

1. gr.

Við 3. gr. bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Samantekin reikningsskil: Samantekin reikningsskil eru reikningsskil A-hluta og B-hluta sveitarfélags sameinuð í eitt. Að svo miklu leyti sem við á gilda um samantekin reikningsskil reglur um samstæðureikningsskil, sbr. ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994.

Skuldapak:

Skuldapak sýnir hversu miklar skuldir sveitarfélagið þolir til lengri tíma miðað við greiðslugetu þess á grundvelli framlegðar og gefinna forsendna um meðalvexti lána og endurgreiðslutíma. Skuldapak sveitarfélags er reiknað sem núvirði þess hluta framlegðar sem ráðstafa má til hreinna afborgana og vaxta á þeim tíma sem eðlilegt getur talist að sveitarfélag greiði upp núverandi skuldir sínar. Við útreikning skuldapaks skal miða við forsendur um meðalvexti, endurgreiðslutíma lána og hlutfall framlegðar sem varið er til hreinna afborgana og fjármagnsgjalda samkvæmt reglum sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur.

2. gr.

Skilgreining á fyrirtækjum sveitarfélags í 3. gr. verður þannig:

Fyrirtæki sveitarfélags: Fyrirtæki sveitarfélags eru fjárhagslega sjálfstæðar rekstrarein-